

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 22.—24. júní 1905.

Ár 1905 22. dag júnímánaðar var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess fv. amtmanni J. Havsteen ásamt amtsráðsmönnum Jóni bónda Einarssyni í Hemru (úr Vesturskaptafellssýslu) prestinum síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Ágúst bónda Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringusýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynningar um framfarnar amtsráðskosningar í Vesturskaptafellssýslu og Kjósarsýslu. Kosnir voru í fyrnefndri sýslu, sem amtsráðsmaður Jón varamtsráðsmaður Einarsson í Hemru fyrir þann tíma, sem Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson átti eptir að sitja í amtsráðinu, semsje til 31. maí 1907, og sem varaamtsráðsmaður Gunnar verzlunarstjóri Ólafsson í Vik. Í Kjósarsýslu voru kosnir hreppstjóri Þórður dbrm. Guðmundsson á Neðra Hálsi sem amtsráðsmaður, og Björn hreppstjóri Bjarnarson í Gröf sem varaamtsráðsmaður, báðir fyrir tímabilið frá 1. janúar þ. á. til 31. maí 1910.

Amtráðið samþykkti allar þessar kosningar, en gat þess að því leyti, sem bundin kosning hefði fram farið við kosning varaamtsráðsmannsins í Vesturskaptafellssýslu, sem þó endaði með hlutkesti, að sú aðferð hefði eigi verið rjett, heldur hefði þegar átt að láta hlutkesti ráða, þegar atkvæði fyrst reyndust jöfn.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum.

1. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags 7. marz 1905 og þar með fylgjandi tillögu nefndar þeirrar, sem kosin hafði verið af sýslunefndinni til þess að koma fram með tillögur um fjárskiptin milli Gullbringu- og Kjósarsýslu, samkvæmt lögum 3. oktbr. 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufjelög, með tilheyrandi skýrslum, og enn fremur ágripsendurrít úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 19. desbr. f. á., innihaldandi ákvörðun sýslunefndarinnar hjer að lútandi, sem gengur út á það, að tillögurnar voru samþykktar.

Amtsráðsmönnum úr Árnessýslu og Vesturskaptafellssýslu var falið að yfirlíta skiptagjörð þessa og koma fram með tillögu sína um hana.

2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1904, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Gullbringusýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1904 var fenginn sömu amtsráðsmönnum til endurskoðunar.
4. Forseti lagði þá fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1904—1905, reikning skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1904—1905, með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess, 31. maí 1905, sjóðs-

reikningi skólabúsins 1904—1905, viðskiptareikningum við ýmsa, og skrá yfir eignir þess 6. júní 1905.

79
2. ágúst

Ennfremur voru framlagðir reikningar yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju fyrir 1903—1904.

Forseti gat þess, að svo hefði að vísu verið til ætlazt á amtsráðsfundinum í fyrra (sbr. Stjórnartíðindi B 1904 bls. 249) að hinir vantandi reikningar fyrir 1903—1904 skyldu, þegar þeir kæmu fram eins og hægt væri að semja þá vegna brunans, sendir stjórnarnefndinni til endurskoðunar, og síðan forseta til úrskurðar, en þetta hefði samt eigi getað orðið fyrr en nú. Voru framlagðar í þessu skyni skrár yfir innistandandi og útistandandi skuldir 31. maí 1904, og jafnaðarreikningur skólabúsins 31. maí 1904, án nokkurra fylgiskjala. Ennfremur var framlagður reikningur yfir kostnaðinn við byggingu skóla- og íveruhússins með tilheyrandi fylgiskjölum og skýrslum.

Allir þessir reikningar voru fengnir amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Kjósarsýslu til endurskoðunar.

5. Með því kjörtími sýslumanns Sigurðar Ólafssonar í Kaldadarnesi sem búnaðarþingsfulltrúa Suðuramtsins var á enda, var kosið í búnaðarþingið til næstu 4 ára. Kosinn var Ágúst sýslunefndarmaður Helgason í Birtingaholti.

6. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsett 19. þ. m., sem borizt hafði forseta kveldið áður, og þar með fylgjandi frumvarp til heilbrigðissamþykktar fyrir Ytri Akraneshrepp, til þess að amtsráðið staðfesti það.

Frumvarp þetta hafði verið samið af hreppsnefndinni þar og hjerads-lækninum í Skipaskagahjeradi, en sýslunefndin, sem frumvarpið var lagt fyrir, hafði á fundi sínum lýst því yfir, að hún hefði ekkert verulegt við það að athuga, og fól sýslumanni og sýslunefndarmanninum úr hreppnum, að yfirfara það, og semja endilegt frumvarp með ráði hjeradslæknis. Þetta hafði svo verið gjört, og nokkrar breytingar gerðar á frumvarpinu, eins og það hafði legið fyrir sýslunefndinni.

Frumvarpið er þannig eigi til orðið á þann hátt, sem fyrirmælt er í 1. gr. laga 23. oktbr 1903, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, og neitaði því amtsráðið með 6 atkv. á móti 1 að samþykkja frumvarpið.

7. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum amtsráðsins á þeim fáu athugasemdum, sem gjörðar höfðu verið við sýsluvegareikninga úr 2 sýslum fyrir 1903.

8. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1904 úr öllum sýslum amtsins; höfðu endurskoðendur í hjeradi endurskoðað reikningana, og forseti amtsráðsins yfirfarið þá. Athugasemdir þær, sem gjörðar höfðu verið við reikningana, voru því næst úrskurðaðar af amtsráðinu.

9. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.

A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 26.—27. apríl þ. á.

B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 30. júlí 1904 og 25. apríl þ. á.

Sýslunefndin hefir jafnað niður sem sýslusjóðsgjaldi 766 kr. 31 e., en gjald það, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, nemur aðeins 652 kr. 64 a. Amtsráðið samþykkti þessa niðurjöfnun, enda er jafnaðarsjóðsgjald sýslunnar 150 krónur.

79

2. ágúst

C. Úr Rangárvallasýslu frá 29. desbr. 1904 og 6.—8. apríl þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar, að taka lán uppá 2000 kr. handa austurhreppum sýslunnar, til þess að hjálpa þeim til að ná til sín eldiviðar- eða kolafarmi uppáð hentugum stað í austurhluta sýslunnar, gegn undirábyrgð frá hlutaðeigandi sveitum eða fjelagi því, sem gengið hefir fyrir þessu, og með því skilyrði, að skipið og farmur væri ekki á ábyrgð vörukaupenda; skyldi lánið vera endurborgað innan næstu 2 ára. Amtsráðið fjellst á þetta.

Forseti skýrði ennfremur frá því, að hann hefði upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins leyft lántöku, að upphæð 800 kr., til 6 ára uppá sýsluvegasjóð, til endurbóta á sýsluveginum frá takmörkum Landmannahrepps að þjóðveginum. Amtsráðið fjellst á þetta.

D. Úr Árnassýslu frá 25—29. f. m.

E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 19. desbr. 1904.

F. Úr Gullbringusýslu frá 7.—8. apríl 1905.

G. Úr Kjósarsýslu frá 14. f. m.

H. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 5.—6. f. m.

10. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um efnahag styrktarsjóða handa alþýðufólki fyrir 1904 úr Vestmanneyjasýslu, Árnassýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu. Skýrslur þessar voru yfirfarnar með hliðsjón af hinum framlögðu endurritun af gjörðabókum sýslunefndanna, og fannst ekkert við þær að athuga. Forseta var falið að heimta hinar vantandi skýrslur úr Vesturskaptafellssýslu og Rangárvallasýslu.
11. Forseti skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefnd Gullbringusýslu hafði á fundi sínum 7.—8. apríl þ. á. ályktað að leggja 2100 kr. úr sýslusjóði á yfirstandandi ári til vegagjörðarinnar milli Hafnarfjarðar og Vogastapa, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 23.—24. júní 1904 (Stj.tíð. 1904 B. bls. 251) á móti 2800 kr. úr landssjóði, samkvæmt fjárlögum 1904—1905, 12. gr. 10 c, en úr sveitarsjóði Garðahrepps verða greiddar 700 kr. til nefnds fyrirtækis. Brjef sýslumannsins hjeraðlútandi 6. maí þ. á. var framlagt. Amtsráðið fjellst á þetta.
12. Amtsráðið fjellst ennfremur á, að forseti hafði fyrir hönd þess samþykkt, að sýslunefndin í Gullbringusýslu hefði á fundi sínum 7.—8. apríl þ. á. ályktað að jafna niður 3500 kr. sem sýslusjóðsgjaldi fyrir yfirstandandi ár. Var framlagt hjeraðlútandi brjef sýslumannsins, dags. 2. maí. þ. á.
13. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu mætti hækka sýsluvegagjaldið á yfirstandandi ári uppí 2 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann, samkv. lögum 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894. Samskonar ályktanir sýslunefndanna í Árnassýslu og Kjósarsýslu voru einnig samþykktar. Skyldi gjaldið í Árnassýslu hækka uppí 1 kr. 75 fyrir hvern verkfæran karlmann og í Kjósarsýslu uppí 2 kr.
14. Amtsráðið samþykkti frumvarp til Reglugjörðar um breytingu á Reglugjörð

fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár, um noktun afrjetta, **79**
fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar 3. júlí 2. ágúst
1895, og skyldi þessi breyting öðlast gildi 1. septbr. þ. á.

15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 2. maí þ. á., við-
vikjandi þeirri tillögu sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að lögð yrði niður lög-
ferjan á Hvítá að Arnarbæli í Grímsnesi, þegar brú væri komin á Sogið hjá
Alviðru, þó svo að póstur yrði fluttur yfir við Arnarbæli eptir sem áður.

Amtsráðið sá sjer eigi fært að leyfa hina eptiræsktu niðurlagning
lögferju þessarar, á meðan hún væri á póstleið.

16. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dagsett 2. maí þ. á.,
viðvikjandi þeirri tillögu sýslunefndarinnar þar, að lögferjan á Þjórsá að
Þjórsárholti væri lögð niður, en þó með því skilyrði, að þar væri jafnan til
hæfilegur bátur, svo að flytja mætti, þegar nauðsyn krefði.

Amtsráðið gat heldur eigi samþykkt niðurlagning hinnar hjerum
ræddu lögferju, vegna þess að hún væri skilyrði bundin, en vildi benda
sýslunefndinni á, að rjettur vegur til þess að bæta kjör ferjubóndans væri
sá, að fá ferjulögunum breytt, að því leyti, er taxtana snerti.

17. Amtsráðið veitti sêluhúsverði Guðna Þorbergssyni á Kolviðarhóli 200 kr.
styrk úr amtsjafnaðarsjóði.
18. Amtsráðið veitti skógræktarfelagi Reykjavíkur 150 kr. úr amtsjafnaðarsjóði
fyrir yfirstandandi ár.

19. Framlagt var brjef forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, dagsett 5. þ. m.,
innihaldandi skýrslu um skólahaldið 1904—1905 og bænaðarskrá um styrk frá
stjórnarnefndinni, og reikning yfir tekjur og gjöld skólans 1903—1904.

Amtsráðið veitti skólanum hinn venjulega styrk, 100 krónur.

20. Forseti lagði fram brjef búnaðarfjeldags Íslands, dags. 30. maí þ. á., þar sem
það mælist til þess, að amtsráðið taki til yfirvegunar fyrirhugaðar eða vænt-
anlegar breytingar á fulltrúakosningu til búnaðarþings, og er þetta gjört
samkvæmt þeirri ályktun búnaðarþingsins á fundi þess 1903, að stjórn fje-
lagsins leiti álits amtsráðsins um framkomnar tillögur um að breyta nefndri
fulltrúakosning, en tillögur þær, sem fram voru komnar, voru þær, að bún-
aðarfjelög út um landið eða formenn þeirra kysu fulltrúa.

Amtsráðið ljet þá skodum uppi, að ef svo færi, að amtsráðin yrðu af-
numin, þá væri rjettast, að sýslunefndin í hverjum fjórðungi kysi 2 fulltrúa
úr fjórðungunum til búnaðarþingsins eptir þeim reglum, sem áður giltu um
kosningu til amtsráðsins, samkvæmt 46. gr. tilsk. um sveitastjórn á Íslandi,
4 maí 1872, og lögum 16. desbr. 1885, um breyting á nefndri lagagrein.

21. Þá var aptur lagt fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu,
dags. 7 marz þ. á., með tilheyrandi skjölum, viðvikjandi skiptunum milli
Gullbringu- og Kjósarsýslu, og voru þau samþykkt eða staðfest, samkvæmt
tillögum þeirra amtsráðsmanna, sem rannsakað höfðu skiptagjörðina og til-
heyrandi skjal, að óskertum rjetti þeirra, sem eiga ábyrgðarkröfur á hendur
Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem var.

- 79** 22. Þá voru framlagðir aptur reikningar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suð-
 2. ágúst uramtsins 1904 og reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandsseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu 1904, og voru þeir samþykktir án athugasemda.
23. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1904—1905, reikningur skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efna-hagsreikningur búsins 1904—1905 með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1905, sjóðsreikningi skólabúsins 1904—1905, viðskiptareikningum við ýmsa, skrá yfir eignir þess, 6. júní 1905, reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju fyrir 1903—1904, reikningur yfir kostnaðinn við byggingu íveru- og skólahússins og reikningsskil, sem til voru fyrir 1903—1904.

Þeir 2 amtsráðsmenn, sem kosnir höfðu verið til þess, að rannsaka alla þessa reikninga, höfðu ekki fundið annað að athuga, en það, að afsláttur hefði eigi fengizt af timburverði á reikningi Waardahls, að upphæð 7942 kr. 14 a. og væntir amtsráðið, að skólastjóri gefi upplýsingar hjeraðlútandi. Reikningarnir voru samþykktir.

Skýrsla um kennsluna fyrir 1903—1904 og 1904—1905 var ókomin enn. Á skólanum höfðu verið 10 hið umliðna skólaár, og af þeim útskrifast 6. Aðeins 1 hefði bæzt við að svo komnu, svo að tala lærisveina er nú 5.

Kostnaður við byggingu íveru- og skólahússins hefir hlaupið alls 17912 kr. 85 a., og er í þessum kostnaði falið óendurgoldið tillag skólahússins (fæði o. s. fr.) 1585 kr. 10 a., sem amtsráðið ályktaði, að skyldi endurborgast búinu þannig, að upphæðin til hjúalauna, verkalauna, kaupstaðarvarnings og fl. í áætluninni teljast 500 kr. á skólaárinu 1905—1906, auk launa bústýru, sem tilfærð eru sjerstaklega í áætluninni yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1905—1906.

Kostnaðurinn við kaup á timbri og fl. til kirkjubyggingarinnar hafði orðið 2440 kr. 49 a.

Íveru- og skólahúsið er á lengd 32 áln., á breidd 14 áln. og tvíloftað með steinlimdum kjallara undir öllu húsinu, sem er járnvarið að öllu leyti. Húsið er virt á 20000 kr. og váttryggt fyrir þessari upphæð.

Forseti skýrði frá því, að hann vegna þessa kostnaðar hefði eigi komizt hjá því að nota heimild þá, sem amtsráðið hefði veitt sjer, til þess að taka 2500 kr. lán í þarfir skólastofnunarinnar. Lánið var tekið í Íslandsbanka 1. nóvbr. f. á. til 10 ára með 5% vaxtagreiðslu. Eins og búizt var við, tókst það eigi, að koma upp kirkjunni í fyrra sumar, en nú yrði byrjað á henni. Amtsráðið hafði byggt á því, að koma mætti kirkjunni upp fyrir 3500 kr., en forseti hafði eigi getað gjört annað, en fallizt á þá tillögu sjera Guðmundar prófests Helgasonar í Reykholti og skólastjóra, uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins, að hafa kirkjuna veglegri, en áður hafði verið ætlað, og látið smíða hana eptir teikningu byggingarfróðs manns. Hefði verið fengin teikning hjá Rögnvaldi arkitekt Ólafssyni, og verður byggingin sniðin eptir

henni. Kostnaðurinn við byggingu þessarar kirkju, sem verður aðeins 14 79
 áln. löng og 10 áln. breið, er áætlaður, að verði allt að 4500 kr. Samkvæmt 2. ágúst
 því, sem komið hefði til tals á fundi amtsráðsins í fyrra, var það nú afráðið,
 að kaupa handa skólanum jörðina Kvígsstaði í Andakilshreppi, sem sjera
 Guðmundur prófastur Helgason hafði eptir aftali fest kaup á. Jörð þessi á
 semsje gott engjastykki áfast Hvanneyrarengjum, sem skólabúinu er mikil
 þörf á að hafa ráð yfir, eptir því sem á stendur.

Jörð þessi er að dýrleika 18,1 hndr. með 4 kúgildum og 40 króna
 landsskuld. Kaupverðið er 1650 kr.

Sökum þess kostnaðar, sem af kirkjubyggingunni leiðir, tekjuhalla
 nokkrum samkv. viðskiptareikningi amtsins við skólastofnunina, og jarðar-
 kaupunum og til lúkningar eptirstöðvum af byggingarkostnaði skólahússins,
 var nauðsynlegt, að taka enn lán í þarfir skólastofnunarinnar. Amtsráðið
 ályktaði því, að taka lán, að upphæð 7000 krónur, að fengnu samþykki
 stjórnarráðsins, með svo vægum kjörum að því leyti, er snertir vaxtagreiðslu
 og endurborgun, sem hægt væri að fá, og fól amtsráðið forseta sínum, að
 gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni.

Framlagt var brjef stjórnarnefndarinnar, dagsett 7. þ. m., sem hefir inni
 að halda ýmsar tillögur skólastofnuninni viðvíkjandi, sem þegar hafa verið
 teknar til greina að nokkru leyti, og var svo með hliðsjón af þeim samin
 eptirfylgjandi

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir 1905—1906.

Tekjur:

1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1906	kr. 2500
2. Gjald úr jafnaðarsjóði á árinu 1905 eptir 1. gr. laga 4. júní 1898, um breytingu á gjaldheimtum til amts- sjóða og sýslusjóða	— 840
3. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyrir 1905)	— 3500
	————— kr. 6840

Gjöld:

1. Afborganir og vaxtagreiðslur:	
a. til Landssjóðs	kr. 1504 00
b. — Landsbankans	— 1025 00
c. — Kirkjusjóðs	— 120 00
d. — Íslandsbanka	— 362 50
	————— kr. 3011 50
2. Laun skólastjóra	— 1200 00
3. Laun aukakennara	— 300 00
4. Laun bústýru	— 150 00
	—————
	flyt kr. 4661 50

79
2. ágúst

	flyt	kr. 4661 50
5. Til hjúalauna, verkalauna og kaupstaðarvarnings, fóðurbætis m. m.	—	500 00
6. Til bókaþauka handa lærisveinum	—	40 00
7. Vaxtagreiðsla af væntanlegu láni	—	350 00
8. Tekjuhelli frá í fyrra	—	439 97
9. Ömmur útgjöld	—	848 53

kr. 6840

Yfirlit

yfir efnahag búnaðarskólafnunarinnar á Hvanneyri í fardögum 1905.

Eignir:

1. Hvanneyri	kr. 18000 00
2. Hús og húsaefni	— 41290 00
3. Keypt efni til kirkju e.	— 2500 00
4. Lifandi peningur	— 10802 00
5. Jarðdyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reið- skapur m. m.	— 1787 00
6. Bækur og kenntuáhöld	— 364 50
7. Smíðatól og fl.	— 225 75
8. Skip og veiðarfæri	— 410 00
9. Heyfyrningar og búsafléifar	— 5541 00
10. Annað lausafje	— 4022 65
11. Útistandandi skuldir	— 949 83
12. Í sjóði hjá skólafnara	— 30 69

kr. 85923 42

Skuldir:

1. Óborguð lán:

a. úr landssjóði:

1. eptirst. af láni frá $\frac{19}{10}$ 85	kr. 535 87
2. — — — — $\frac{8}{6}$ 86	— 1461 26
3. — — — — $\frac{3}{9}$ 92	— 6994 77
4. — — — — $\frac{10}{7}$ 94	— 2279 62
5. Lán án afborg. $\frac{24}{11}$ 88	— 11800 00

kr. 23071 52

b. úr Landsbankanum:

1. eptirst. af láni frá $\frac{25}{7}$ 95	kr. 450 00
2. — — — — $\frac{29}{7}$ 98	— 2000 00

kr. 2450 00

c. úr Kirkjusjóði frá $\frac{11}{1}$ 94 — 500 00

d. úr Íslandsbanka frá $\frac{2}{11}$ 04 — 2500 00

2. Innistandandi skuldir búsins — 812 17

3. Mismunur — 56589 73

kr. 85923 42

24. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á ári- **79**
inu 1906. 2. ágúst

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirst. við árslok 1905	kr. 1000 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjöld, þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amts- sjóða og sýslusjóða	— 5700 00	
		kr. 6700

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið (þaraf til forseta kr. 500)	kr. 1200 00	
2. 12. afborgun uppí og vaxtagreiðsla af láni til Ölfusárbrúarinnar	— 241 32	
3. Kostnaður samkv. lögum 2. oktbr. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 100 00	
4. Menntamál (Kvennaskólinn í Reykjavík)	— 100 00	
5. Gjald til búnaðarskólans á Hvanneyri, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjöldum til amtsjóða og sýslusjóða	— 840 00	
6. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri	— 3500 00	
7. Ýmisleg útgjöld	— 450 00	
8. Eptirstöðvar	— 268 68	
		kr. 6700

25. Amtsráðið ályktaði að veita 25 kr. fyrir skriptir á amtráðsfundinum.
26. Loks ályktaði amtsráðið, að beina þeirri áskorun til alþingis, að frumvörpum þeim, er komið hafa frá millipinganeftinni í fátækramálinu, öðrum en frumvarpinu um stofnun gedveikrahælis, verði ekki ráðið til lykta á þinginu í sumar, og ekki fyrri, en sveitarstjórnarvöldunum er gefinn kostur á að athuga þau og segja um þau álit sitt. Sjerstaklega leggur amtsráðið áherzlu á þetta að því leyti, er snertir frumvarpið um gjöld til landssjóðs frá sýslufjelögum.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var þá fundi slitið.

J. Havsteen. Valdimar Briem. Skúli Skúlason. Jón Einarsson.

Ágúst Jónsson. Þórður Guðmundsson. Guðm. Helgason.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 2. ágúst 1905.

J. Havsteen.